

vatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 19. júní 1905). Skal hver, sem finnur slíka kind, **89**  
skyldur að tilkynna það stjórn girðingarfélagsins. **10. júlí**

Samþykkt þessi er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. september 1912 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 10. júlí 1912.

**Kristján Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

## Samþykkt

**90**  
27. júlí

um notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Austur-Landeyjahreppi.

Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir, samkvæmt lögum 20. desbr. 1901, um samþykktir til varnar skemdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og skurði, samið og hjeradsfundur fallist á eftirfarandi samþykkt um notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Austur-Landeyjahreppi.

1. gr.

Skurðir þeir, er samþykkt þessi á sjerstaklega við, eru:

**A. Aðfærsluskurðir:**

1. Hinn sameiginlegi aðfærsluskurður úr Álunum í Sandvatn.
2. Hólmahverfis- og Bakkaskurður.
3. Ossabæjarskurður.
4. Úlfsstaðaskurður.

**B. Aukaskurðir:**

1. Skækilsskurður.
2. Búðarhólshverfisskurður.
3. Lágafellsskurður.
4. Skiðbakkahverfisskurður (úr Stórutjörn í Drápslæk).
5. Hildiseyjaskurður (úr Drápslæk að Litlu-Hildisey).
6. Fagurhólsskurður.
7. Bakkaskurður.

**C. Affærsluskurðir:**

1. Fljótsvegsskurður.
2. Skiðbakkahverfis og Bryggmaskurður.
3. Krossskurður.
4. Hólmaskurður.

2. gr.

Hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps skal hafa umsjón með viðhaldi skurðanna og notkun vatnsins eftir því, sem nánara verður ákveðið í samþykkt þessari.

**90** Heimilt skal henni að fela eftirlitið búnaðarfjelagi hreppsins og það aftur  
27. júlí sjerstökum manni, er hæfur þykir til þess, gegn þóknun, sem árlega skal jafna niður eftir hundraðatali jarðanna á ábúendur, er tilkall hafa til áveitu úr skurðum þeim, er taldir eru í 1. gr.

## 3. gr.

Á hverju vori, svo fljótt sem auðið er, skal sá, er eftirlitið hefir í hvert sinn, sjá um, að byrjað sje að veita á, og skulu þá allir, sem tilkall hafa til áveitu, skyldir til að vinna að upptöku vatnsins, svo og, ef með þarf, að moka upp hina sameiginlegu aðfærsluskurði, án tillits til staðháttá eða jarðarstærðar, og án endurgjalds. Hver sá, er vanrækir að koma á ákveðnum tíma, borgi 3 kr. um dag hvern, er verkið stendur yfir. Gjald þetta gengur til þeirra, er vinna verkið í hans stað eftir ráðstöfun eftirlitsmanns.

Eftirlitsmaður sjer um innheimtu þess, og telst fallið í gjalddaga er verkið er unnið.

## 4. gr.

Skurðir þeir, sem taldir eru í 1. gr., svo og þeir, er síðar kunna að verða gerðir, skulu 5. hvert ár teknir út af búfróðum manni, og skal Búnaðarfjelagi Íslands gefinn kostur á að útnefna manninn, en að öðrum kosti skal hann tilnefndur af hreppsnefndinni.

Skoðunarmaðurinn segir fyrir um, hvort og hvernig skurðirnir skulu bættir. Breidd og dýpt þeirra má eigi minni vera en þegar þeir voru upphaflega gerðir, nema sjerstakar ástæður mæli með því eða geri það nauðsynlegt.

## 5. gr.

Þegar byrjað er að veita á, skal sá, er eftirlitið hefir eftir 2. gr., sjá um, að allir þeir búendur, er tilkall hafa til áveitunnar á áveitusvæðinu, taki upp úr skurðunum allar stíflur á sinn eigin kostnað, svo og alla lausa hnausa, sem fallið hafa ofan í þá, eða það annað, er hindrað getur greiða framrás vatnsins, og hafi þeir, sem neðstir búa, rjett til að stífla þá fyrst og svo hver af öðrum, sem ofar búa með þeim. Allar stíflur skulu vera úr timbri. Að öðru leyti ákveður eftirlitsmaður í hverju einstöku tilfelli, hve lengi hver um sig má halda vatninu, svo og hvenær byrja skal að stífla.

## 6. gr.

Kostnað við skoðun skurðanna svo og endurbætur þeirra, samkvæmt 4. gr., skal eftirlitsmaður jafna niður eftir hundraðatali jarðanna á alla þá ábúendur, er tilkall hafa til áveitu eða afræslu samkvæmt 1. gr.

## 7. gr.

90

27. júlí

Vanræki einhver að inna af hendi vinnu þá að viðhaldi skurðanna, sem eftirlitsmaður fyrirskipar samkvæmt 5. gr., skal hann láta vinna verkið á kostnað hinna brotlegu. Eftirlitsmaður skal halda bók löggilta af sýslumanni yfir alla fjelagsvinnu og þau verk, er unnin eru á annara kostnað, og skal hún í hvert sinn undirskrifuð af þeim, sem verkið vinna.

Bók þessi borgast af sveitarsjóði.

## 8. gr.

Vexti og afborganir af láni því, sem búnaðarfjelag Austur-Landeyjahrepps hefir tekið til áveitufyrirtækisins, skal jafnað á allar jarðir, er tilkall hafa til áveitunnar eða afræslunnar, eftir hundraðatali þeirra, og skulu ábúendur jarðanna greiða hið ákveðna gjald fyrir maímánaðarlok ár hvert.

Niðurfjöldun þessa ber að innfæra í bók, þar sem hver jörð, er áveita eða afræsla tilheyrir, hefir sína síðu fyrir sig, og ritar hver ábúandi nafn sitt undir niðurfjöldun sinnar jarðar í bók þessari, en eftirlitsmaður eða sá, er innheimtu hefir á hendi fyrir fjelagsins hönd, jafnar greiðslunni niður og ritar nafn sitt við hverja greiðslu í bókina.

## 9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5—100 kr., er renna í sýslusjóð.

## 10. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi 1. september 1912 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 27. júlí 1912.

**H. Hafstein.**

*Jón Hermannsson.*